

Fundargerð 450. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 17. febrúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri sambandsins, sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn hélt stjórn vinnufund með Gísla Gíslasyni til að fara yfir tillögur hafnasambandsins að nýjum hafnalögum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 449. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 449. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. janúar 2023.

2. Veidafærasamningur við SFS - samstarfsráð - 2012002HA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu milli Hafnasambands Íslands, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs, dags. 14. febrúar 2023.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir drög að samstarfsyfirlýsingunni og felur formanni að fylgja málinu eftir.

3. Sjúkvíaeldi - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 2302002HA

Lögð fram stjórnarsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um Sjúkvíaeldi - Lagaframkvæmd, stjórnarsýsla og eftirlit, dags. í janúar 2023. Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkti einróma eftirfarandi bókun:

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sjúkvíaeldi felur í sér margar ábendingar sem áður hafa komið fram bæði af hendi sjávarútvegssveitarfélaga sem og fyrirtækja í fiskeldi. Sveitarfélögin hafa haft litla aðkomu að leyfisveitingaferli frá upphafi. Þá hefur eftirlit með atvinnugreininni verið gagnrýnt þar sem skort hefur á samstarf við sveitarfélögin um slíkt ásamt því að tekjustofn af greininni hefur ekki verið tryggður til samfélaganna þar sem eldið er stundað. Einnig hefur verið óskýrt hvernig á að rukka hafnagjöld af þessari atvinnugrein. Skýrslan endurspeglar og dregur fram hve litla aðkomu sveitarfélögin hafa haft að umgjörð atvinnugreinarinnar, ákvarðanatöku og stefnumótun er varðar hana. Í þeirri vinnu sem framundan er á grundvelli skýrslunnar er nauðsynlegt að sveitarfélögin og hafnasjóðir komi að þeirri vinnu ásamt samtökum þeirra.

- 4. Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index (Epi) - 2302001HA**
Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, kynnti umhverfiseinkunnarkerfi Faxaflóa fyrir skemmtiferðaskip sem höfnin mun taka upp í ár.
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - EES-reglur - 2210001HA**
Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur) sem innviðaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.
Stjórn Hafnasambands Íslands hefur verulegar athugasemdir við 1.gr frumvarpsins sem hefur verið lagt fram og felur formanni að ganga frá umsögn hafnasambandsins í samvinnu við Faxaflóahafnir.
- 6. Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 37. fundar Siglingaráðs frá 19. janúar 2023.
- 7. Hafnafundur 2023 - 2211002HA**
Formaður sagði frá hugmyndum sem er verið að ræða í tengslum við dagskrá hafnafundarins.
- 8. Tillaga að nýjum hafnalögum - 2301003HA**
Lagðar fram tillögur Gísla Gíslasonar, fyrrverandi formanns stjórnar hafnasambandsins, að nýjum hafnalögum en farið var yfir tillögurnar á vinnufundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:40